

Sæll Kristófer.

Við í undirbúningshópi Þjórshátíðar yrðum mjög þakklát ef þú gætir smeygt að í dagskrá fundar sveitarstjórnar á morgun eftirfarandi :

Hátíðin hefur verið haldin einu sinni áður fyrir 7 árum síðan. Eftir lát Helgu Katrínar í fyrrasumar kom sú hugmynd upp að halda svipaða hátíð í sumar og fá m.a hljómsveitir stelpna úr hópnum Stelpur rokka, sem Helga Katrín átti líka þátt í að koma á fót enda var hún virk á ýmsum sviðum mannlífs. Hún var virk í Ungsól, sem eins og margir vita hér í sveit barðist gegn virkjunum í Þjórsá. Okkur er ljóst að sá málstaður á ekki upp á pallborðið hjá öllum en okkur langar samt að biðja um styrk til að auðvelda fjármögnun á þessum viðburði. Við ákváðum að hafa frían aðgang, tónlistarfólk fær engin laun. En margs konar kostnaður fellur til, t.d. leiga á þurrsalernum, stefgjöld, tjaldleiga, hljómgræjuleiga o.fl. Þrátt fyrir að allir sem að þessu koma vinni það í sjálfboðavinnu erum við ekki réttu megin við núllið.

Fyrirgefið hve seint þetta kemur til ykkar í sveitarstjórn. Ég tek fram að Anna Sigga veit ekki um þessa umsókn um styrk og mun eflaust víkja í afgreiðslu þar sem hún er í undirbúningshópnum. Með bestu kveðju og ósk um jákvæð viðbrögð.

Anna María  
Hlíð